

124. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 16. desember 2021 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Einar Brandsson varaformaður

Björn Guðmundsson

Helgi Pétur Ottesen

Karitas Jónsdóttir varamaður

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

1) Fundargerðir framkvæmdanefndar, dags. 18.11., 9.12. og 16.12.2021

Lagðar fram.

2) Minnisblað framkvæmdastjóra dags. 7.12.2021, ásamt minnisblaði Mannvits dags. 4.12.2021 og fundargerð opnunarfundar.

5 gild tilboð bárust í útboðsverkið „Höfði endurnýjun í 1. áfanga“. Eftir yfirferð og leiðréttingu tveggja lægstu tilboðanna, þá eru endanlegar tilboðsfjárhæðir eftirfarandi:

Kappar ehf.	kr. 407.189.146.	145% af kostn.áætlun
Ístak hf.	kr. 382.930.503.	136% af kostn.áætlun
Sjammi ehf.	kr. 377.729.290	134% af kostn.áætlun
GS Import ehf.	kr. 371.814.046	132% af kostn.áætlun
SF smiðir ehf.	kr. 322.459.964	115% af kostn.áætlun

Fyrir liggur samþykki eignaraðila á heimild til töku tilboðs lægstbjóðanda.

Stjórn Höfða samþykkir að ganga að tilboði lægstbjóðanda og felur framkvæmdastjóra að undirrita verksamning.

3) Samningur um byggingarstjórn og framkvæmdaeftirlit

Stjórn Höfða staðfestir samning við SHP ráðgjöf ehf. í byggingarstjórn og framkvæmdaeftirlit í endurnýjun í 1. áfanga Höfða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:44